

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar
vegna stækkunar kirkjugarðs á Saurbæjarási.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. nóvember 2023 breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. október 2023.

Í breytingunni felst stækkun kirkjugarðs, 119 K, á Saurbæjarási sem verður um 6 ha, til að tryggja aðstæður fyrir kistugrafreiti til næstu 20 ára. Áformuð er uppbygging þjónustubyggingar á reitnum. Samhliða nákvæmari afmörkun reitsins er vegur, göngu- og reiðleið löguð að útmörkum hans.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. nóvember 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 5. desember 2023